

Arnarlax hf.
Strandgötu 1
465 Bíldudalur

Reykjavík, 1. október 2020
UST202009-156/H.G.
08.12.01

Yfirfærsla starfsleyfis – Land- og kvíaelði á Gileyri

Vísað er til umsóknar rekstraraðilans Bæjarvík ehf., kt. 530303-3060 og Arnarlax ehf., kt. 580310-0600, sem barst stofnuninni þann 14. september sl. þar sem óskað er eftir því að færa starfsleyfi Bæjarvíkur ehf., til framleiðslu á allt að 200 tonnum af bleikju og laxi í land- og kvíaelði á Gileyri við Tálknafjörð, yfir á Arnarlax ehf. Starfsleyfi Bæjarvíkur var gefið út þann 2. desember 2011 og gildir til 2. desember 2023.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um færslu starfsleyfisins, sem er breyting á starfsleyfi, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Ekki er um að ræða breytingar á starfsleyfisskilyrðum. Með þessari ákvörðun færast réttindi og skyldur varðandi starfsleyfið til Arnarlax ehf., kt. 580310-0600.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá nýjum rekstraraðila, Arnarlax ehf., kt. 580310-0600, skv. 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar nr. 535/2015, eða kr. 52.800.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um færslu starfsleyfisins er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingi ákvörðunar, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústs dóttir
forstjóri



Hlín Gísladóttir
lögfræðingur